



## Skotíþróttaping Skotíþróttasambands Íslands 2. maí 2009.

Þingið er haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

### Fundargerð Skotþings.

#### Þingsetning.

Halldór Axelsson, formaður STÍ setur þingið

#### Kosið í þriggja manna kjörbréfanefnd.

Vignir J. Jónasson, SR  
Jóhann Norðfjörð, SFS  
Bergþór Pálsson, MAV

Nefndin tekur þegar til starfa.

#### Kosning þingforseta og þingritara.

Tillaga er um Axel Sölvason sem þingforseta og Kjartan Friðriksson sem þingritara.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða**

#### Kosning starfsnefnda þingsins.

Tillögur eru um:

##### Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR  
Sigurgeir Arnþórsson, ÍFL  
Finnur Steingrímsson, SA

##### Laganefnd:

Halldór Axelsson, SR  
Magnús Guðlaugsson, SFK  
Hermann Kristjánsson, SR

##### Allsherjarnefnd:

Jón S. Ólason, SKA  
Jórunn Harðardóttir, SR  
Kjartan Friðriksson, SR

- **Tillögurnar eru samþykktar samhljóða.**

#### Fráfarandi stjórn gefur skýrslu stjórnar.

Halldór Axelsson flytur skýrslu stjórnar STÍ.

Ég vil hefja mál mitt á að minnst Hilmar Árna Ragnarssonar f.v. formanns Skotfélags Reykjavíkur, sem lést langt um áður fram þann 20 feb. síðastliðinn. Vil ég votta fjölskyldu hans samúð stjórnar STÍ og þingheims og um leið og ég þakka Hilmar hans góðu störf í þágu skotíþróttahreyfingarinnar í landinu.

Þrátt fyrir hremmingar í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur rekstur Sambandsins sjaldan verið með jafn miklum ágætum. Vegur þar mest styrkur til reksturs skrifstofu og röggsum stjórnun gjaldkera.

Þó svo að sambandið standi vel fjárhagslega, er ekki svo með alla okkar iðkendur, það hefur aldrei verið eins dýrt að stunda skotíþróttir vegna hækkandi verða á skotfærum, byssum og aðstöðugjöldum.

Til að vega á móti þessu ástandi hafa mörg aðildarfélög ekki hækkað gjaldskrár og jafnvel lækkað þær til að gera iðkendum mögulegt að stunda skotíþróttina.

Gjaldtökur STÍ frá iðkendum og aðildarfélögum eru eingöngu í formi móta- og félagsskiptagjalda og munu stjórn STÍ leggja áherslu á að þau hækki ekki.

Ég hef setið fundi þar sem leiðir íþróttahreyfingarinnar í efnahagskreppu hafa verið ræddar fram og til baka, allar bera þær að sama brunni! Að skora á ríki og sveitafélög að lækka ekki styrki og ég vona svo sannarlega að það gangi eftir.

Að mínu viti er mjög mikilvægt að sérsamböndin og aðildarfélögin vinni með þeirra íþróttafólki og finni leiðir til að lækka kostnað íþróttafólks til æfinga. Ég hef séð árangur slíkrar samvinnu þar sem landslið okkar í haglagreinum hefur lækkað æfingakostnað verulega með breyttum áherslum, og gerir þeim kleift að æfa á landsliðs-plani þrátt fyrir kreppuna.

Eitt stærsta málið sem stjórn STÍ hefur unnið að frá síðasta þingi er tillaga að nýrri skotvopnalöggjöf, sem leggja átti fyrir Alþingi nú í sumar. Nú er ljóst að það mun frestast um óákveðinn tíma, vegna kosninga og breyttra áherslna í landinu.

Í nefnd Dómsmálaráðuneytis til undirbúnings nýrra laga, hefur setið fyrir hönd STÍ, Jón S Ólason varaformaður sambandsins.

Nefndin hefur skilað mikilvægri vinnu í þágu skotíþróttarinnar, og er stórn STÍ ánægð með drög að nýjum lögum og reglugerðum sem væntanlega verða lögð fyrir Alþingi á næstunni.

Það er undir Alþingi komið hvernig útkoman verður, en það eru mörg atriði sem stjórn STÍ hefur lagt til við þessa lagasmíð.

Það er nokkrar áherslur sem stjórn STÍ hefur lagt áherslu á við væntanlega breytingu á skotvopnalögunum. Þar má nefna t.d. lækkan á aldri þeirra sem mega stunda skotíþróttir, breyttar reglur um íþróttabyssur, þó sér í lagi loftbyssur og um vörslu skotvopna, svo eitthvað sé nefnt.

Mótahald hefur gengið mjög vel á liðnu tímabili. Greinileg fjölgun er í flestum greinum skotíþróttar og frábær árangur í flestum þeirra. Ber þar hæst árangrar Ásgeirs Sigurgeirssonar í loftskammyssu og Jórunnar Harðardóttur í loftskammyssu og Lofttrifli. Þau hafa bæði sett fjölmörg Íslandsmet og unnið fest mót hérlendis í þeirra greinum.

Af árangri erlendis ber hæst árangur Ásgeirs Sigurgeirssonar á Intershoot í Haag í Hollandi og á Evrópumeistaramótinu í loftgreinum í Prag í Tékklandi og árangur Arnars Valdimarssonar á Grand Prix móti í Danmörku nú um Páskana.

Landslið STÍ hafa sjaldan verið jafn vel skipuð hæfum einstakningum, bæði í kúlu- og haglagreinum og væntir stjórn sambandsins mikils af af þeirra framlagi á næstu misserum, en nú eru þau að undirbúa þáttöku á heimsbikarmóti í München í Þýskalandi í maí og á Smáþjóðaleikunum á Kýpur í júní.

Með frábærum árangri keppnisfólks í skotíþróttum og stiganda í íþróttinni kemur það berlega í ljós hve afskipt skotíþróttin er gagnvart fjölmiðlum. Það er eitt mikilvægasta verkefni stórnar STÍ að gera íþróttina sýnilegri og auka almenna kynningu í fjölmiðlum. Í gegnum tíðina hafa oft verið gerð átök í kynningar-málum og farið til samstarfs við fjölmiðla tengt áveðnum verkefnum í skotfimi. Þessar aðferðir duga skammt til framtíðar og er mín skoðun að eina leiðin til að koma þessum málum í betra horf er að fá aðila til að sjá um þau fyrir hönd STÍ.

Möguleikar okkar í útbreiðslu- og kynningar á skotíþróttinni eru miklir. Lágt hlutfall kvenna í íþróttinni, lítið brottfall og hár keppnisaldur skapa okkur aðra markhópa en flestar aðrar íþróttagreinar í landinu. Með samþykkt tillagna að nýrri skotvotnalöggjöf mun aðildarfélögum í skotíþróttinni verða kleyft að hefja unglíngastarf á svipuðum forsendum og öðrum íþróttafélögum í landinu.

Afreksstefna sambandsins er í stöðugri endurnýjun og hefur stjórn lagt fram nýja stefnu sem gildir árin 2009 til 2016. Hún er birt á heimasíðu STÍ og óska ég eftir samþykki fundarmanna fyrir henni.

Að lokum vil ég þakka aðildarfélögum STÍ samstarfið á liðnu tímabili og um leið hvet ég forsvarsmenn þeirra til að leggja enn meiri áherslu á íþróttastarfið á komandi árum.

Halldór Axelsson þakkar góða áheyrn þingheims.

Þingforseti ber skýrslu stjórnar upp til samþykkis.

- **Skýrsla stjórnar er samþykkt samhljóða.**

#### **Gjaldkeri skýrir reikninga sambandsins.**

Guðmundur Kr. Gíslason skýrir reikningana, hann greinir m.a. frá því að lottótekjur hafi dregis verulega saman á sl ári, hann ræðri ýmsa styrki og listar upp ýmsan kosnað við rekstur sambandsins, sem og fram kemur í ársreikningum 2008. Hann segir fjármál sambandsins í góðu lagi, en tekur fram að Stí eigi að reka sem næst núlli, Stí sé ekki gróðafyrirtæki. Sambandið skuldi engum eitt eða neitt og tekur fram að bjartir tímar séu framundan.

#### **Reikningarnir eru bornir upp til samþykktar.**

- **Reikningarnir eru samþykktir samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.**

#### **Fjárhagsáætlun sambandsins er lögð fram.**

Guðmundur Kr. Gíslason gerir grein fyrir fjárhagsáætlun stjórnar STÍ 2009.

<b>GJÖLD:</b>	<u>Krónur</u>
Þjálfun, kennsla, námskeið	600.000
Skrifstofukostnaður	2.500.000
Þátttaka í erlendum mótum	2.000.000
Útgáfa kynningarefnis	300.000
Annað ófyrirséð	200.000
	5.600.000
<b>TEKJUR:</b>	
Lottó	900.000
Útbreiðslustyrkur	800.000
Ríkisstyrkur skrifstofu	2.400.000
Ýmsar tekjur	1.500.000
	5.600.000
<b>TEKJUAFGANGUR</b>	<b>0</b>

Þingforseti ber Fjárhagsáætlunina upp til samþykkis.

- **Fjárhagsáætlunin er samþykkt samhljóða.**

Guðmundir Kr. Gíslason gerir grein fyrir tillögum stjórnar um lagabreytingar STÍ.

- **Tillögunni er vísað til laganefndar sem þingskjali # 4.**

#### **Friðrik Einarsson flytur þingheimi kveðjur ÍSÍ.**

Friðrik, sem hefur verið tengiliður Stí inn í ÍSÍ, fer yfir starf ÍSÍ sl. misseri og nokkrar breytingar sem framundan eru. Hann minnst á Olympíleikana 2012 og segir að Skotþípróttasambandið þurfi að undirbúa þá sem fyrst. Hann þakkar ársskýrslur sambandsins og góða reikninga þess. Hann minnst á öflugt og gott starf sem unnið hefur verið hjá stjórn STÍ síðustu ár. Hann hvetur stjórn STÍ til að senda sem flesta keppendur á erlenda grund næstu misseri og hann leggur áherslu á að sem flestir keppendur í skotíþróttum fái reynslu erlendis. Friðrik fer yfir ýmis mál er varða skothreyfinguna og óskar STÍ góðs brautargengis á næstu árum.

#### **Heiðursveitingar.**

##### **Jóhanesi Christensen er veitt gullmerki STÍ fyrir hans störf í þágu sambandsins.**

Jóhannes Christensen hefur starfað ötullega að eflingu skotíþróttá á Íslandi frá miðri síðustu öld, eða alla tíð frá endurreisn Skotfélags Reykjavíkur um 1950.

Hann hefur setið í stjórn Skotfélags Reykjavíkur og verið þar stjórnarmaður, leiðbeinandi, þjálfari, dómari og æfingastjóri í áratugi ásamt því að taka þátt í starfi landssamtaka okkar STÍ.

Jóhannes er helsti frumkvöðull þess að loftbyssuskotfimi komst á blað hérlendis og barðist ötullega fyrir upptöku þeirrar greinar á árunum í kringum 1980.

Hann hefur staðið vaktina í æfingaaðstöðu síns félags í áratugi og enn mætir Jóhannes á mótstað og tekur þátt í framkvæmd móta.

Fjölskylda Jóhannesar hefur ekki farið varhluta af starfinu, því fjölskyldan hefur tekið ríkan þátt í íþróttastarfi hans og hafa afkomendur hans verið í fremstu röð íþróttamanna okkar.

Jóhannes nýtur almennrar virðingar innan skothreyfingarinnar og telja skotmenn það vera forréttindin að hafa notið krafta hans hingað til og vonandi munum við njóta krafta hans næstu ár sem áður.

##### **Halldóri Axelssyni og Guðmundi Kr. Gíslasyni er veitt silfurmerki STÍ.**

Halldóri Axelssyni og Guðmundi Kr. Gíslasyni er veitt silfurmerki STÍ m.a. fyrir að hafa unnið umfangsmikið starf við að skapa skotíþróttinni góðan sess meðal íþróttana í landinu og unnið óeigingjarnt starf til að koma skotíþróttinni á kortið með góðu samstarfi við ÍSÍ.

Tillaga liggur fyrir frá Guðmundi Helga Christensen um keppnisfyrirkomulag.

- **Tillögunni er vísað til Alsherjarnefndar sem þingskjali nr. 5**

#### **Þinghlé.**

### **Nefndarálit.**

#### **Fjárhagsnefnd gerir grein fyrir störfum sínum.**

Lagt er til að þingskjal # 1 um Keppnis- og félagaskiptagjald STÍ verði samþykkt.

#### **Tillaga til fjárhagsnefndar um keppnis og félagaskiptagjald STÍ:**

Tillaga frá stjórn STÍ um óbreytt gjöld frá fyrra ári og eins að unglingar séu undanþegnir keppnisgjaldi, og eru aðildarfélögin einnig hvött til að fella niður keppnisgjöld unglinga.

Keppnisgjald kr. 1,000 fyrir hvern keppanda á STÍ móti

Félagaskiptagjald kr. 3,000

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

#### **Alsherjarnefnd gerir grein fyrir störfum sínum.**

Lagt er til að samþykkja þingskjal # 5 um Breytingatillögur við keppnisfyrirkomulag.

Lagt er til að :

1. Í þeim greinum þar sem keppnisfyrirkomulag er það sama í karla- og kvennaflokki megi keppnishaldarar í samráði við Stí sameina keppni karla og kvenna. Haldið skal til haga árangri innan hvorrar greinar fyrir sig t.d. til Íslandsmeta og Íslandsmeistara.
2. Í þeim keppnisgreinum sem aðskildar eru í karla- og kvennagreinar með skotafjölda mega keppnishaldarar í samráði við STÍ sameina keppni karla og kvenna ef aðeins einn þátttakandi af öðru hvoru kyni er skráður til keppni. Haldið skal til haga árangri innan hvorrar greinar fyrir sig t.d. til Íslandsmeta og Íslandsmeistara.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

#### **Laganefnd gerir grein fyrir störfum sínum.**

Lagt er til að þingskjal # 4 um lagabreytingu verði samþykkt.

Tillaga frá stjórn STÍ um breytingu á lögum sambandsins hljóðar svo:

#### **Við 11.grein bætist 3.málgrein :**

Tilkynningar um framboð til stjórnar og formanns skulu berast fráfarandi stjórn eigi síðar en 3 vikum fyrir auglýst þing. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er stjórn heimilt að framlengja framboðsfrestinn, enda sé það auglýst á heimasíðu sambandsins.

#### **Breyting á 10.grein:**

Felldur er út liður 13 sem var um Ákvörðun kærugjalds en í 12.grein er fjallað um kærugjaldið. Við þetta færast allir liðir 10.greinar upp um einn og verða nú merktir 1 til 21.

Aðrar smávægilegar breytingar eru líka lagðar til og lúta þær að breyttu orðalagi og tilfærslu á heitum aðildarsambanda STÍ erlendis. Þær breytingar snerta eftirtaldar greinar:

1.,2., og 4.grein

### **Greinargerð:**

Breytingin á 11. grein er gerð til samræmis við slíkar breytingar sem orðið hafa hjá ÍSÍ og ýmsum Íþróttabandalögum og er ætluð til að gera undirbúning Skotþings skilvirkari. Aðrar breytingar skýra sig sjálfar en þar hefur verið lagað heiti ÍSÍ og bætt inn heitum ESC og NSR.

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

### **Kosningar**

Tillaga fráfarandi stjórnar STÍ um aðalstjórn:

Aðalstjórn:

Halldór Axelsson, SR, tillaga um formann til 1árs  
Kjartan Friðriksson, SR, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára  
Jóhann Norðfjörð, SFS, tillaga um setu í aðalstjórn til 2ja ára  
Sigurgeir Arnþórsson, ÍFL, tillaga um setu í varastjórn til 2ja ára

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Áfram sitja:

Jórunn Harðardóttir, SR, situr áfram í varastjórn  
Jón S. Ólason, SKA, situr áfram í aðalstjórn  
Guðmund Kr. Gíslason, SR, situr áfram í aðalstjórn

Tillaga fráfarandi stjórnar STÍ um Skoðunarmenn reikninga:

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR  
Jónas Hafsteinsson, ÍFL  
Varamenn:  
Hermann Kristjánsson, SR  
Hannes Haraldsson, SFK

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Tillaga fráfarandi stjórnar STÍ um Mótanefnd:

Guðmundur Kr Gíslason, SR  
Jóhann Norðfjörð, SFS  
Finnur Steingrímsson, SA  
Varamenn:  
Kári Grétarsson, SÍH  
Steindór Hr. Grímarsson, SFK  
Guðmundur H. Brynjarsson, SA

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Tillaga fráfarandi stjórnar STÍ um Dómaranefnd:

Ívar Erlendsson, SÍH  
Steinar Einarsson, SFK  
Guðmundur Kr. Gíslason, SR  
Varamenn:  
Halldór Axelsson, SR  
Áki H. Garðarsson, SA  
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, ÍFL

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Tillaga fráfarandi stjórnar STÍ um Aganefnd:

Jón S. Ólason, SKA  
Kjartan Friðriksson, SR  
Halldór Axelsson, SR  
Varamenn:  
Einar Guðmann, ÍSA  
Guðmundur H. Brynjarsson, SA  
Jóhann Norðfjörð, SFS

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

Tillaga fráfarandi stjórnar STÍ um Ritnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR  
Örn Valdimarsson, SR  
Kjartan Friðriksson, SR  
Varamenn:  
Bragi Þór Jónsson, SR  
Halldór Axelsson, SR  
Einar Guðmann, ÍSA

- **Tillagan er samþykkt samhljóða.**

### Önnur mál

Halldór Axelsson tekur til máls og ræðir um hækkun gjalda og að erfitt sé að reka sambandið og aðildarfélögin næstu ár vegna efnahagsástandsins.

Jón S. Ólason skýrir vopnalögin í stuttu máli og greinir frá því m.a. að samkvæmt tillögum nefndarinnar um breytingar að núverandi vopnalögum verður engin lágmarksaldur, heldur verður það matsatriði þjálfara hvort viðkomandi sé hæfur til að byrja í skotíþróttum.

Jón S. ræðir einnig sparnað við mótahald með t.d. að fækka verðlaunum í mótum og að veita einungis ein verðlaun í hverjum flokki.

Jóhannes Norðfjörð ræðir nokkur atriði varðandi starfið á næstunni. Hann ræðir hugmyndir um öldungaflokk, tækninefnd til að taka út skeet-velina á landinu og möguleikana á að laða konur að skotíþróttinni.

Halldór Axelsson svarar Jóhanni um kvennamálin og segir að fjölgun sé í kvennaflokki í loftbyssugreinum. Hann vill einnig taka upp umræðu um öldungafökka í stjórn Stí.

Guðmundur Kr. Gíslason ræðir viðurkenningar vegna Íslandsmeta. Hann nefnir árangur Ásgeirs Sigurgerissonar, Guðmundar Helga, Jórunnar Harðardóttir og Guðbjargar Perlu Jónsdóttur.

Nokkrar spurningar eru úr sal um væntanleg vopnalög og er spurt m.a. um hvort hljóðdeyfar veri leyfðir með væntanlegum breytingum á skotvopnalöggjöfinni.

Jón S. Ólason svarar því til að að þeir séu nánast leyfilegir í dag.

Halldór Axelsson tekur til máls og þakkar Axel Sölvasyni fyrir vel unnin störf á þingunu og undanfarin ár fyrir STÍ. Hann biður Axel að taka vð leikhúsmiðum sem þakklætivotti stjórnar fyrir störf hans á þinginu.

Halldór Axelsson þakkar þingheimi fyrir gott þing.

Axel Sölvason, þingforseti þakkar þingheimi samstarfið á þinginu og óskar STÍ farsældar á komandi árum.

**Þingforseti, Axel Sölvason slítur þingi.**

---

**Þingritari, Kjartan Friðriksson.**

---

**Þingforseti, Axel Sölvason.**